

1. október opna Rauðsokkar húsnæði sitt að Skólavörðu-
stíg 12 í Reykjavík. Þetta er í fyrsta sinn, sem
Rauðsokkar hafa verið samastað en að Skólavörðu-
stíg verður framvegis opið á hverjum virkum degi milli
5 og 7. Þá verða tveir Rauðsokkar til staðar til að
veita ~~þess~~ upplýsingar um hreyfinguna og einnig
gefa ráðleggingar eftir því, sem þeim er unnt. Í
setustofunni liggja frammi blöð, innlend og erlend
og er þess vænst að allir þeir, sem hafa áhuga á hreyf-
ingunni geti að loknum vinnudegi litið við til að
fræðast, ræða saman eða kíkja í blöð. Kaffi og öl
fæst á vægð verði. Einnig er í þigerð að koma upp
visi að þokasafni. Á kvöldin og utan hinna föstu
opnunartíma verður húsnæðið vitaskuld notað til funda
og starfs.

Haustfundur hreyfingarinnar var haldinn í ofrágengnu
húsnæðinu þann 23. september. Elísabet Gunnarsdóttir
tók við af Eiríki Guðjónssyni í miðstöð en auk hennar
eru þar Hjördís Bergsdóttir, Vilborg Sigurðardóttir og
Erna Egilsdóttir. Hið nýja húsnæði gerir það að verkum
að starfsemi hreyfingarinnar ferist í fastara form og
nokkrir starfshópar hennar verða varanlegir. Þeir
eru húshópur, sem sér um rekstur hússins. Leiðbein-
endahópur, sem aðstoðar nýliða og fjölmiðlahópur, sem
sér um útgáfustarfsemina. Eins og áður eru starfshópar
sem myndast vegna tímabundinna verkefna, óháðir áhrifa-
valdi miðstöðvar ellegar þarfa föstu hópanna og það eru
þeir, sem gefa starfsemi hreyfingarinnar líf. Síminn
er 28798 og alltaf er svarað á vinnudögum milli 5 og 7.